

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 330/1992.

Bíldshöfði 16 hf.

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Töggs hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Gjaldþrot. Riftun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst 1992. Hann krefst þess, að rift verði greiðslu Töggs hf. til áfrýjanda, að fjárhæð 1.096.211 krónur, miðað við 31. desember 1986, skil verði á greiðslu samkvæmt fyrri málsgrein 64. gr. laga nr. 6/1978 og áfrýjandi komi að kröfu sömu fjárhæðar við skipti á búi stefnda. Þá krefst hann sýknu að öðru leyti af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Töggur hf. framseldi áfrýjanda viðskiptamannakröfur fjórum dögum fyrir gjaldþrot sitt, meðan á greiðslustöðvun stóð hjá félaginu. Með þessu móti greiddi Töggur hf. skuld við áfrýjanda. Ráðstöfun þessi var óheimil samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá voru í gildi, og riftanleg samkvæmt 59. gr., auk þess sem greiðslueyrir var óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Áfrýjandi samþykkti þegar riftun, en gerði engar ráðstafanir til skila á kröfunum. Ber því með vísan til 62. gr. og 63. gr. laga nr. 6/1978 að taka til greina fjárkröfu stefnda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bíldshöfði 16 hf., greiði stefnda, protabúi Töggs hf., 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af protabúi Töggs hf., nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn Bíldshöfða 16 hf., nnr. 1109-0567, Bíldshöfða 16, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1987.

Dómröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu Töggs hf. til stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf Bíldshöfða 16 hf., dags. 12. júní 1987 til Töggs hf.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.096.211 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómröfur stefnda eru þær, að rift verði greiðslu Töggs hf. til stefnda, að fjárhæð 1.096.211 kr. miðað við 31. 12. 1986, skil verði á greiðslu skv. 64. gr. laga nr. 6/1978 og að stefndi komi að kröfu sömu fjárhæðar vegna viðskiptaskuldar stefnanda við stefnda við skipti á búi stefnanda. Þess er krafist, að stefndi verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

Mál þetta var dæmt í héraði með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1989. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. nóvember 1991, var sá dómur og málsmeðferð frá og með 31. janúar 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 28. apríl 1992.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldprotaskipta hjá borgarfégetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið verið í miklum greiðsluerfiðleikum og 30. janúar 1987 farið þess á leit við borgarfégetaembættið í Reykjavík, að félaginu yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt með úrskurði, dags. 2. febrúar 1987, í 3 mánuði, og hafi sá frestur verið framlengdur tvisvar og runnið út 15. júní 1987.

Meðan á greiðslustöðvun stóð, hafi Töggur hf. og stefndi tekið þá ákvörðun að framselja stefnda viðskiptamannakröfur á hendur eftirtöldum aðilum:

1. Eyjólfí R. Ármannssyni skv. reikn. nr. 6003.....	kr.	145.318
2. Birni Sveinssyni skv. reikn. nr. 6004	–	770.343
3. Kristínu Ingvarsdóttur skv. reikn. nr. 6008.....	–	68.506
4. Kristínu Sveinsdóttur skv. reikn. nr. 6009	–	112.043
		Kr. 1.096.210

Formlega virðast Töggur hf. og stefndi taka ákvörðun þessa fjórum dögum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, þ. e. 12. júní 1987, sbr. bréf stefnda til stefnanda. Í bréfi þessu segi, að Bíldshöfði 16 hf. skuldajafni við Tögg hf. inn eign hjá félaginu og telji síðan upp þær kröfur, sem að framan greini. Yfirtaka krafanna hafi miðast við 31. 12. 1986.

Stefnandi heldur því fram, að sú ráðstöfun Töggs hf. að afhenda stefnda ofangreinda kröfu til greiðslu á öðrum skuldbindingum Töggs hf. hafi verið ólögmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. 1. nr. 6/1978. Jafnframt er því haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. 1. nr. 6/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ. e. stefnda, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá sé ítrekað, að greiðsla þessi hafi farið fram, á meðan greiðslustöðvun hafi staðið yfir.

Á grundvelli 62. gr. 1. nr. 6/1978 sé þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða til stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hann hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 hafi verið samþykkt málshöfðunarheimild til skiptastjóra þrotabúsins til riftunar ofangreindrar kröfu.

II.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsástæður og málavexti, að skömmu eftir móttöku stefnda á kröfubréfi stefnanda, dags. 13. október, hafi lögmaður stefnda tilkynnt lögmanni stefnanda, að stjórn stefnda myndi samþykkja riftun, en þar sem framkvæmdastjóri stefnda væri á förum til útlanda, yrði erindi stefnanda afgreitt á formlegum stjórnarfundi hjá stefnda eftir heimkomu framkvæmdastjórans, en þó með því skilyrði, að krafa stefnda á hendur stefnanda sömu fjárhæðar kæmist að við skipti á búi stefnanda, en þeirri kröfu hafði eðlilega ekki verið lýst í búið vegna skuldajafnaðaryfirlýsingarinnar. Jafnframt sé rétt að taka fram, að stjórn stefnda hafi samþykkt riftunarkröfu stefnanda að þessu leyti með vísan til hins víðtæka riftunarréttar, sem VIII. kafli 1. nr. 6/1978 heimili, sbr. t. d. 59. gr. þeirra laga, en jafnframt hafi stefndi talið rétt að verða við ósk stefnanda um rift-

un, án þess þó að stefndi teldi sig á nokkurn hátt hafa brotið gegn ákvæðum l. nr. 6/1978 eða reynt að hagnast á einhvern hátt með ráðstöfunum þessum.

Greiðslukröfu stefnanda um framangreinda fjárhæð sem og vaxtakröfu sé eindregið mótmælt. Engar greiðslur hafi gengið milli aðila, né hafi hinir nafngreindu einstaklingar greitt stefnda framangreindar fjárhæðir. Við rift-unina hafi stefnandi öðlast rétt til greiðslu frá fjórum hinna nafngreindu einstaklinga, og ósannað sé með öllu, að hin umdeilda ráðstöfun hafi á nokkurn hátt haft tjón í för með sér fyrir stefnanda né stefndi hagnast á nokkurn hátt.

Jafnframt telji stefndi mjög ósanngjarnt og óeðlilegt, að stefndi greiddi stefnanda fjárhæðir þessar, þar sem stefndi hafi ekki fengið þessar fjárhæðir greiddar, sbr. 65. gr. l. nr. 6/1978.

Jafnframt sé á það að líta, að skv. 64. gr. l. nr. 6/1978 sé heimilt að skila greiðslum í þeim mæli, sem þær séu til, og þar sem skuldajafnaðaryfirlýsingin falli úr gildi með máli þessu, þyki stefnda rétt, að tilvitnuðu lagaákvæði verði beitt, þ. e., að stefnandi fái kröfurnar á fjóra hina nafngreindu einstaklinga, en stefndi fái að nýju kröfu, að fjárhæð 1.096.211 kr., á hendur stefnanda, og komist sú krafa að við búskiptin.

Því sé mótmælt með öllu, að 54. og 61. gr. l. nr. 6/1978 eigi við um atvik málsins.

Tveir hinna nafngreindu einstaklinga, Björn Sveinsson og Kristín Sveinsdóttir, hafi verið hluthafar í Töggi hf. og eigi jafnframt hvort um sig u. þ. b. 1% af hlutafé Bíldshöfða 16 hf. Eyjólfur R. Ármannsson eigi hvorki hlut í Töggi hf. né Bíldshöfða 16 hf., en Kristín Ingvarsdóttir sé stærsti hluthafinn í Bíldshöfða 16 hf., en hafi aldrei átt neinn hlut í Töggi hf.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Ingvar Sveinsson og Garðar Eyland Bárðarson.

III.

Fyrir liggur, sbr. yfirlýsingu stefnda um skuldajöfnuð, dags. 12. júní 1987, að Töggur hf. framseldi stefnda þær viðskiptamannakröfur, sem mál þetta er sprottið af og fyrr greinir. Með þessu móti voru gerðar upp útistandandi skuldir, sem stefndi átti hjá Töggi hf. Þegar ráðstöfun þessi var gerð, voru liðnir rúmir fjórir mánuðir frá frestdegi, og fjórum dögum síðar var bú Töggs hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfur þessar eru færðar stefnda til eignar í ársreikningi árið 1986, sbr. bréf Gylfa Gunnarssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 28. júní 1987.

Í sóknargögnum kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Töggs hf. 12. október 1987 hafi sú ákvörðun verið tekin að mótmæla þeirri ráðstöfun fé-

lagsins fyrir gjaldþrot að framselja stefnda kröfur þessar, og var skiptastjóra veitt málshöfðunarheimild vegna búsins.

Framangreind ráðstöfun á viðskiptamannakröfum þessum var Töggi hf. óheimil samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem gerð var eftir frest dag, á riftunarkrafa stefnanda sér stoð í 1. mgr. 59. gr. laganna, auk þess sem telja verður, að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur í skilningi 54. gr. laganna. Þá verður talið, að ráðstöfun þessi hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og þannig brotið í bága við ákvæði 61. gr. gjaldþrotalaga. Að þessu virtu, en einnig því, að aðilar eru sammála um, að riftun nái fram að ganga, verður fallist á riftunarkröfu stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga nr. 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt að taka til greina þá kröfu stefnda, að hann komi að kröfu sömu fjárhæðar við skipti á búi stefnanda.

Stefndi hefur engin gögn lagt fram til styrktar kröfu sinni um skil á greiðslu samkvæmt 64. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að hafna þeirri kröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 210.000 kr.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Greiðslu Töggs hf. til stefnda, Bíldshöfða 16 hf., að fjárhæð 1.096.211 kr., per 31. 12. 1986, sbr. bréf stefnda, dags. 12. júní 1987, er rift.

Stefndi, Bíldshöfði 16 hf., greiði stefnanda, þrotabúi Töggs hf., 1.096.211 kr. með 49,2% ársvöxtum frá 1. desember 1987 til 15. desember 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1988.

Krafa stefnda sömu fjárhæðar skal komast að við skipti á búi stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda 210.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.